



Reykjavík, 12. mars 2020

R19110014

6631

ívs

Umhverfis- og skipulagssvið

Borgartúni 12-14  
105 REYKJAVÍK

### ***Funafold 42 - deiliskipulag***

Á fundi borgarráðs þann 12. mars 2020 var lagt fram bréf umhverfis- og skipulagssviðs, dags. 27. febrúar 2020, sbr. samþykkt skipulags- og samgönguráðs frá 26. febrúar 2020 á tillögu að breytingu á deiliskipulagi lóðarinnar nr. 42 við Funafold, ásamt fylgiskjölum.

Borgarráð samþykkti erindið.

Borgarráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins sátu hjá við afgreiðslu málsins.

Borgarráðsfulltrúar Samfylkingarinnar, Viðreisnar, Pírata og Vinstri grænna lögðu fram svohljóðandi bókun:

Stækkun leikskólans Funaborgar er hluti af Brúum bilið verkefninu. Svæðið er fallett og hentar vel fyrir leikskólafundum. Fjölgun deilda á þessum stað er einnig hluti af uppskiptingu leikskólans Sunnufoldar sem samþykkt var nýlega.

Borgarráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins lögðu fram svohljóðandi bókun:

Fulltrúar Sjálfstæðisflokks í borgarráði hefðu viljað sjá að tekið væri tillit til aukinnar umferðar í tengslum við stækkun leikskólans eða lausn fundin á henni. Gatnamót Funafoldar og Fjallkonuvegar eru nú þegar erfið á álagstímum, sérstaklega vegna nálægðar við Fjallkonuveg og Gullinbrú. Telja því fulltrúarnir að skoðað verði hvaða áhrif aukin umferð mun hafa í Funafold áður en ráðist er í jafn stóra framkvæmd. Eins telja fulltrúarnir að skoðað verði hvort að ekki ætti að byrja á því að stækka aðra leikskóla sem eru í Grafarvogi/Foldahverfinu þar sem stækkanir myndu ekki hafa jafn mikil áhrif á umferð.

Helga Björk Laxdal

e.u.